
Umboðssamningur

Í TENGSLUM VIÐ
SKULDASKJALAÚTGÁFU HAGA HF.

milli

Haga hf.,

kröfuhafa Haga hf. og

KPMG sem umboðsmanns kröfuhafa

19. janúar 2023

Efnisyfirlit

1.	SKILGREININGAR OG TÚLKUN.....	3
2.	AÐILD AÐ SAMNINGNUM.....	4
3.	SKIPUN, STAÐA OG HÆFI UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFANA.....	4
4.	HLUTVERK OG SKYLDUR UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFANA.....	4
5.	HVENÆR SKAL BOÐA TIL KRÖFUHAFAFUNDA	5
6.	BOÐUN KRÖFUHAFAFUNDA	6
7.	TILHÖGUN OG LÖGMÆTI KRÖFUHAFAFUNDA	6
8.	ATKVÆÐISRÉTTUR Á KRÖFUHAFAFUNDI.....	6
9.	ÁKVARÐANATAKA Á KRÖFUHAFAFUNDI	7
10.	BREYTINGAR Á UMBOÐSMANNI KRÖFUHAFANA	7
11.	SKAÐABÓTAÁBYRGÐ	7
12.	TRÚNAÐUR	8
13.	TILKYNNINGAR	8
14.	ÞÓKNUN UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFANA	8
15.	LÖG OG VARNARÞING.....	8
16.	GILDISTÍMI.....	9
17.	ANNAÐ	9
	VIÐAUKI I	11

Samningur þessi er gerður þann 19. janúar 2023 („**samningurinn**“) vegna útgáfu skuldaskjala í samræmi við ákvæði 10.000.000.000 útgáfuramma Haga hf. sem samþykktur var af stjórn Haga þann 23. nóvember 2022 og er á milli:

- (1) Þeirra aðila sem, á hverjum tíma, eru skráðir eigendur skuldaskjalanna á grundvelli laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga („**kröfuhafar**“); Kröfuhafi telst hafa samþykkt þau réttindi og skyldur sem lýst er í samkomulaginu með því að fjárfesta í skuldaskjölunum.
- (2) **Haga hf.**, kt. 670203-2120, Holtavegi 10, 104 Reykjavík („**útgefandi**“); og
- (3) **KPMG ehf.**, kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík („**umboðsmaður kröfuhafa**“), f.h. kröfuhafa.

INNGANGUR:

Samningurinn er gerður í tengslum við grunnlýsingu vegna útgáfu skuldaskjala (skilgreint í grein 1.1).

- (A) Í skuldaskjölunum er kveðið á um að skipa skuli umboðsmann kröfuhafa fyrir eigendur skuldaskjala, sem hefur það meginhlutverk að gæta hagsmuna allra eigenda skuldaskjala og koma fram fyrir hönd þeirra.
- (B) Með samningnum er skipaður umboðsmaður kröfuhafa fyrir skuldaskjölin.

1. SKILGREININGAR OG TÚLKUN

1.1 Í samningnum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem þeim er gefin hér á eftir:

„**Aðildaryfirlýsing**“ merkir yfirlýsingu um aðild nýs umboðsmanns kröfuhafa að samningnum, eftir því sem við á, sbr. fylgiskjal I við samninginn.

„**Kröfuhafar**“ merkir þeir kröfuhafar sem eiga skuldaskjöl sem gefin hafa verið út skv. skuldaskjalaútgáfunni.

„**Skuldaskjal**“ Útgáfuramminn gerir ráð fyrir útgáfu skuldaskjala og/eða víxla sem taka á til viðskipta á skipulegum markaði í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og/eða bjóða á til kaups í almennu útboði eða útboði sem takmarkað er við tiltekinn hóp fjárfesta skv. undanþágu í 4. mgr. 1. gr. í reglugerð (ESB) nr. 2017/1129, sbr. 2. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, allt samkvæmt ákvörðun útgefanda hverju sinni.

„**Staðfestingaraðili**“ merkir staðfestingaraðila eins og hann er skilgreindur í samningi við staðfestingaraðila en hann hefur það hlutverk að fara yfir og staðfesta forsendur útreikninga í skýrslu útgefanda eins og nánar er kveðið á um í samningi við staðfestingaraðila.

- 1.2 Tilvísanir til löggjafar skulu taldar fela í sér tilvísanir til þeirrar löggjafar eins og henni kann að hafa verið breytt og reglna sem kunna að hafa verið settar með stoð í slíkri löggjöf.
- 1.3 Tilvísanir til sérhvers aðila skulu (þar sem við á) vera álitnar tilvísanir til eða eiga við um þá sem með lögumætum hætti hafa tekið við réttindum og/eða skyldu af þeim.

2. AÐILD AÐ SAMNINGNUM

- 2.1 Kröfuhafar, á hverjum tíma, hvort sem þeir hafa gerst kröfuhafar við upphaflega útgáfu skuldaskjalanna eða við síðari sölu, skulu teljast aðilar samningsins og njóta réttar og bera skyldur samkvæmt honum, enda bera skilmálar skuldbréfanna með sér upplýsingar um og tilvísun til samningsins. Með fjárfestingu í skuldaskjölunum veita kröfuhafar umboðsmanni kröfuhafa fullt umboð til að sinna þeim skyldum sem honum eru faldar með samningnum.

3. SKIPUN, STAÐA OG HÆFI UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA

- 3.1 Umboðsmaður kröfuhafa er hér með skipaður af útgefanda og samþykkir umboðsmaður kröfuhafa að taka að sér það hlutverk. Þótt umboðsmaður kröfuhafa sé upphaflega skipaður af útgefanda eru starfsskyldur umboðsmanns kröfuhafa alfarið gagnvart kröfuhöfum og hefur útgefandi ekkert boðvald yfir umboðsmanni kröfuhafa og er óheimilt að hafa áhrif á störf hans eða skipun, nema að svo miklu leyti sem sérstaklega er kveðið á um slíkt í samningnum. Sami umboðsmaður kröfuhafa skal vera fyrir alla eigendur skuldaskjalanna og skal hann gæta hagsmuna allra kröfuhafa jafnt.
- 3.2 Umboðsmaður kröfuhafa skal vera óháður samstæðu útgefanda í störfum sínum fyrir kröfuhafa. Umboðsmanni kröfuhafa er óheimilt taka að sér önnur störf eða verkefni fyrir samstæðu útgefanda á gildistíma samningsins, sem fara í bága við almennar hagsmunaárekstrareglur umboðsmanns og eftir atvikum, viðkomandi fagfélags umboðsmanns á hverjum tíma. Framangreint kemur ekki í veg fyrir að umboðsmaður kröfuhafa taki að sér hlutverk staðfestingaraðila, enda eru skyldur umboðsmanns kröfuhafa í þágu kröfuhafa en ekki samstæðunnar.
- 3.3 Umboðsmaður kröfuhafa skal búa yfir nægilegri þekkingu til að gegna starfinu. Umboðsmaður kröfuhafa skal vera lögmannsstofa, endurskoðunarfyrtæki eða annar aðili með sérþekkingu á viðkomandi sviði, með fullnægjandi þekkingu á fasteignum, verðbréfamarkaði og fjármögnun félaga sambærilegum útgefanda og að öðru leyti með burði til að gegna hlutverkinu, meðal annars með tilliti til stærðar og rekstraröryggis.
- 3.4 Umboðsmaður kröfuhafa skal ávallt á meðan hann gegnir hlutverki umboðsmanns kröfuhafa vera með lögbundna og gilda starfsábyrgðartryggingar gagnvart tjóni sem kann að hljóta af störfum hans.
- 3.5 Umboðsmaður kröfuhafa og sá starfsmaður sem sinnir verkum hans mega ekki á undanförunum fimm árum hafa verið lýstir gjaldþrota, hafa leitað nauðasamninga eða heimildar til greiðslustöðvunar eða hlotið dóm fyrir brot á lögum í tengslum við fyrirtækjarekstur.
- 3.6 Umboðsmaður kröfuhafa gerir sér grein fyrir því að verðbréf útgefanda eru skráð á skipulegum markaði. Þær aðstæður geta því skapast að umboðsmaður kröfuhafa teljist vera innherji, sbr. meðal annars ákvæði laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglugerðum settum á grundvelli laganna. Umboðsmaður kröfuhafa skuldbindur sig til að vera upplýstur um slíkar reglur eins og þær eru á hverjum tíma og haga störfum sínum til samræmis við þær.

4. HLUTVERK OG SKYLDUR UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA

- 4.1 Umboðsmaður kröfuhafa tekur hér með að sér að vinna þau störf umboðsmanns kröfuhafa sem tilgreind eru í grunnlýsingu útgáfu skuldaskjala. Umboðsmaður kröfuhafa hefur fullt og

ótakmarkað umboð kröfuhafa til að annast þau verkefni sem honum eru fengin á grundvelli samningsins.

- 4.2 Hlutverk umboðsmanns kröfuhafa nær ekki til annarra atriða en samkvæmt grein 4.1. Við hverja útgáfu skuldaskjala skal umboðsmaður kröfuhafa fá afrit af skuldaskjölunum og öðrum skjölum sem við kunna að eiga og varða útgáfu skuldaskjalanna.
- 4.3 Umboðsmaður kröfuhafa skal í störfum sínum gæta hagsmuna allra kröfuhafa gagnvart útgefanda og staðfestingaraðila. Jafnframt skal umboðsmaður kröfuhafa gæta þess í störfum sínum að mismuna ekki kröfuhöfum og að allir kröfuhafar njóti hlutfallslega jafns réttar innbyrðis.
- 4.4 Umboðsmaður kröfuhafa skal koma fram fyrir hönd kröfuhafa gagnvart útgefanda og staðfestingaraðila og annast öll samskipti við framangreinda aðila fyrir hönd kröfuhafa.
- 4.5 Ef umboðsmaður kröfuhafa verður var við vanefnd útgefanda á skuldbindingum sínum samkvæmt skuldaskjölunum skal hann senda áskorun til útgefanda um að bæta úr vanefnd innan tilskilins frests, ef við á. Verði ekki bætt úr vanefnd innan tilskilinna tímamarka eða heimild er til þess að gjaldfella kröfur samkvæmt skuldaskjölunum af öðrum sökum, skal umboðsmaður kröfuhafa boða til kröfuhafafundar í samræmi við ákvæði samningsins.
- 4.6 Umboðsmaður kröfuhafa skal varðveita öll skjöl sem hann móttækur frá útgefanda og staðfestingaraðila á grundvelli samningsins og framsenda afrit til kröfuhafa til upplýsingar. Þetta gildir þó ekki um tilkynningar um atriði sem útgefandi tilkynnir eða hefur tilkynnt á skipulegum verðbréfamarkaði þar sem skuldaskjölin hafa verið tekin til viðskipta. Umboðsmanni kröfuhafa ber að ganga úr skugga um að farið sé að öllu leyti eftir viðkomandi reglugerðum og reglum verðbréfamiðstöðvar þegar hann sendir tilkynningar eða upplýsingar til kröfuhafa. Umboðsmanni kröfuhafa ber ekki skylda til að staðreyna efni skjala nema sérstaklega sé kveðið á um slíkt í samningnum.
- 4.7 Umboðsmanni kröfuhafa skal vera heimilt að óska eftir og taka við upplýsingum frá verðbréfamiðstöð um kröfuhafa á hverjum tíma og afhenda útgefanda.
- 4.8 Hafi kröfuhafar tekið ákvörðun á kröfuhafafundi um að gjaldfella kröfur sínar, skal umboðsmaður kröfuhafa fara eftir þeim fyrirmælum sem kröfuhafar samþykkja á kröfuhafafundi. Fjármunum sem umboðsmaður kröfuhafa móttækur á grundvelli fullnustuaðgerða skal ráðstafað til kröfuhafa í þeirri röð og með þeim hætti sem mælt er fyrir um í grunnlýsingunni.

5. HVENÆR SKAL BOÐA TIL KRÖFUHAFAFUNDA

- 5.1 Ef umboðsmaður kröfuhafa telur nauðsynlegt eða æskilegt að bera undir kröfuhafa málefni sem tengjast samningnum, skuldaskjölunum og samningi við staðfestingaraðila eða öðrum atriðum skal umboðsmaður kröfuhafa boða til kröfuhafafundar í samræmi við ákvæði samningsins.
- 5.2 Umboðsmaður kröfuhafa skal, nánar tiltekið, boða til kröfuhafafundar eins fljótt og auðið er í eftirtöldum tilfellum:
 - (a) ef útgefandi óskar eftir því, t.d. vegna mögulegra breytinga á skilmálum hvers flokks eða beiðni um undanþágu frá þeim
 - (b) í kjölfar vanefnda samkvæmt skuldaskjölunum, sem ekki hefur verið bætt úr, sem umboðsmaður kröfuhafa verður var við eða sem útgefandi hefur tilkynnt um;

- (c) ef 1/4 hluti kröfuhafa, miðað við fjárhæð útstandandi krafna á grundvelli skuldabréfanna skv. upplýsingum úr skráum verðbréfamiðstöðvar, óskar eftir fundi;
- (d) ef staðfestingaraðili tilkynnir að hann muni ekki staðfesta skýrslu um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir eða ef staðfestingaraðili hefur ekki sent umboðsmanni kröfuhafa niðurstöðu sína innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í samningi við staðfestingaraðila; eða
- (e) ef umboðsmaður kröfuhafa telur rétt að boða til kröfuhafafundar af öðrum ástæðum.

6. BOÐUN KRÖFUHAFAFUNDA

- 6.1 Skal boða til funda kröfuhafa með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara en að hámarki fjögurra vikna fyrirvara og skal umboðsmaður kröfuhafa boða til hans með tilkynningu til Nasdaq Iceland eða verðbréfamiðstöðvar, sem kemur henni áleiðis til allra kröfuhafa. Umboðsmaður kröfuhafa skal einnig boða útgefanda og hefur útgefandi málfrelsisrétt á fundum kröfuhafa. Sé gjaldfellingarheimild ekki lengur til staðar á fundardegi skal umboðsmaður kröfuhafa afboða fundinn.
- 6.2 Umboðsmaður kröfuhafa skal ávallt boða alla kröfuhafa á kröfuhafafundi, miðað við skráðar upplýsingar í kerfum verðbréfamiðstöðvar á boðunardegi, en einnig er honum heimilt að boða útgefanda, staðfestingaraðila eða aðra aðila telji hann slíkt nauðsynlegt eða æskilegt vegna einstakra dagskrárliða.
- 6.3 Umboðsmaður kröfuhafa skal boða til kröfuhafafundar með tilkynningu til kröfuhafa í gegnum kerfi verðbréfamiðstöðvar. Umboðsmaður kröfuhafa skal tilkynna útgefanda um fyrirhugaða boðun kröfuhafafundar tímanlega til þess að gefa honum kost á því að uppfylla upplýsingaskyldu sína samkvæmt lögum nr. 60/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu. Þá skal umboðsmaður kröfuhafa tilkynna útgefanda um niðurstöður fundarins með sama hætti.

7. TILHÖGUN OG LÖGMÆTI KRÖFUHAFAFUNDA

- 7.1 Umboðsmaður kröfuhafa ákveður dagskrá kröfuhafafundar.
- 7.2 Kröfuhafar kjósa fundarstjóra á kröfuhafafundi. Fundarstjóri staðfestir í upphafi fundar hvort fundur sé ályktanabær.
- 7.3 Til þess að kröfuhafafundur sé ályktanabær þarf fundurinn að hafa verið rétt boðaður í samræmi við umboðssamninginn og fulltrúar að lágmarki 50% kröfuhafa, miðað við fjárhæð, að vera mættir á fundinn. Ef kröfuhafafundur er ekki ályktanabær vegna ónógrar fundarsóknar skal umboðsmaður kröfuhafa hætta við fundinn og þegar í stað boða nýjan kröfuhafafund, sem skal haldinn eigi fyrr en að 7 dögum liðnum og eigi síðar en 14 dögum eftir þann fyrri. Sá fundur er ávallt ályktanabær, óháð fundarsókn, ef til hans er boðað með réttum hætti.

8. ATKVÆÐISRÉTTUR Á KRÖFUHAFAFUNDI

- 8.1 Atkvæðisréttur kröfuhafa á kröfuhafafundi miðast við uppgreiðsluverðmæti skuldaskjalanna sem er í eigu viðkomandi kröfuhafa sem hlutfall af uppgreiðsluverðmæti allra skuldaskjalanna við lok dags daginn fyrir fund.

- 8.2 Ef upp kemur ágreiningur varðandi atkvæðisrétt kröfuhafa, þá skal fundarstjóri skera úr þeim ágreiningi og er úrlausn hans bindandi fyrir alla aðila.
- 8.3 Útgefandi og aðilar innan samstæðunnar njóta ekki atkvæðisréttar vegna skuldaskjala sem kunna að vera í þeirra eigu og skulu þau ekki talin með við afmörkun samþykkishlutfalls.

9. ÁKVARÐANATAKA Á KRÖFUHAFAFUNDI

- 9.1 Almennt þarf samþykki 2/3 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi til ákvarðanatöku nema annað komi fram í umboðssamningi. Ákvörðun um að gjaldfella kröfur þarfnast samþykkis meira en 1/3 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi.
- 9.2 Hafi gjaldfellingarheimild myndast vegna vanefnda á greiðslu höfuðstóls eða vaxta af skuldaskjölunum nægir þó samþykki meira en 1/10 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi.
- 9.3 Eftirfarandi ákvarðanir þarfnast þó samþykkis 9/10 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi (þar sem auðum og ógildum atkvæðum er sleppt við talninguna):
- (a) Breytingar á vaxtakjörum.
 - (b) Breytingar á gjalddögum vaxta eða höfuðstóls, nema um sé að ræða einstaka tímabundnar undanþágur (e. waiver) sem ekki eru ákveðnar til lengri tíma en sex mánaða í senn.
 - (c) Breytingar á uppgreiðsluheimild og uppgreiðslugjaldi
 - (d) Breytingar á höfuðstólsfjárhæð.
 - (e) breytingar á umboðssamningi eða samningi við staðfestingaraðila.
- 9.4 Ákvarðanir sem teknar eru á ályktunarbærum kröfuhafafundi binda alla kröfuhafa.

10. BREYTINGAR Á UMBOÐSMANNI KRÖFUHAFA

- 10.1 Kröfuhafar geta tekið ákvörðun á kröfuhafafundi um að segja umboðsmanni kröfuhafa upp störfum og fela útgefanda að skipa nýjan í hans stað, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa.
- 10.2 Vilji umboðsmaður kröfuhafa láta af störfum skal hann þegar í stað upplýsa útgefanda um það og skal útgefandi þá, eins fljótt og kostur er, skipa nýjan umboðsmann kröfuhafa, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa.

11. SKAÐABÓTAÁBYRGÐ

- 11.1 Kröfuhafi sem grípur til aðgerða sem brjóta í bága við samninginn skal vera skaðabótaskyldur vegna alls tjóns sem af slíkum aðgerðum kann að leiða, í samræmi við almennar reglur.
- 11.2 Umboðsmaður kröfuhafa ber ábyrgð á störfum sínum í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar. Umboðsmaður kröfuhafa ber þó ekki ábyrgð á óbeinu tjóni sem kröfuhafar kunna að verða fyrir. Þá ábyrgist umboðsmaður kröfuhafa að engu leyti greiðslur eða innheimtu krafna samkvæmt skuldaskjölunum.
- 11.3 Ábyrgð umboðsmanns kröfuhafa takmarkast við þá fjárhæð sem hægt er að krefjast, og fæst greidd, úr starfsábyrgðartryggingu hans, sbr. grein 3.4, nema um sé að ræða tjón sem rekja

má til ásetnings umboðsmanns kröfuhafa, en í því tilviki skal skaðabótaábyrgð hans ekki sæta neinum takmörkunum.

12. TRÚNAÐUR

- 12.1 Umboðsmanni kröfuhafa er skylt að gæta fyllsta trúnaðar um hvaðeina sem hann verður áskynja um í störfum sínum á grundvelli samningsins, nema fyrir liggja skýr lagaákvæði eða úrskurður þar til bærs stjórnvalds eða dómstóls sem skylda hann til að láta af hendi slíkar upplýsingar. Trúnaðarskyldan helst eftir að umboðsmaður kröfuhafa lætur af störfum.
- 12.2 Trúnaðarskyldan tekur ekki til upplýsingagjafar umboðsmanns kröfuhafa sem honum er nauðsynleg til að vinna verk sín samkvæmt samningnum.

13. TILKYNNINGAR

- 13.1 Sé ekki kveðið á um annað í samningnum, skulu allar tilkynningar og önnur samskipti sem eru gefin út eða afhent vegna samningsins vera skrifleg (í bréfi eða tölvupósti) og skulu sendast til útgefanda og umboðsmanns kröfuhafa með sannanlegum hætti á eftirfarandi heimilisföng og/eða tölvupóstföng, til þess að þær geti talist gildar gagnvart gagnaðila:

- (a) Ef til útgefanda:
Hagar hf.
Holtavegi 10, 104 Reykjavík
b.t. Finnur Oddsson
fo@hagar.is
- (b) Ef til umboðsmanns kröfuhafa:
KPMG ehf.
Borgartúni 27, 105 Reykjavík
b.t. Helga Harðardóttir
hhardardottir@kpmg.is

- 13.2 Tilkynna skal þegar í stað um allar breytingar á heimilis- eða tölvupóstfangi.

14. ÞÓKNUN UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA

- 14.1 Útgefandi einn ber skyldu til að greiða umboðsmanni kröfuhafa vegna starfa hans og skulu þeir gera með sér samning um þóknun til handa umboðsmanni kröfuhafa vegna starfa hans á grundvelli samningsins.
- 14.2 Útgefandi skal jafnframt bera allan eðlilegan útlagðan kostnað af störfum umboðsmanns kröfuhafa.

15. LÖG OG VARNARÞING

- 15.1 Um samninginn gilda íslensk lög.
- 15.2 Rísi mál út af samningnum, skulu aðilar leitast við að leysa ágreining með samkomulagi sín á milli, en náist ekki að leysa úr ágreiningi með samkomulagi skal reka málið fyrir Héraðsdómi

Reykjavíkur.

16. GILDISTÍMI

- 16.1 Samningurinn tekur gildi við undirritun og fellur sjálfkrafa niður þegar skuldaskjöldin hafa verið greidd upp að fullu.

17. ANNAD

- 17.1 Allar breytingar sem gerðar eru á samningnum skulu vera skriflegar, samþykktar af kröfuhöfum í samræmi við ákvæði samningsins og undirritaðar af hálfu útgefanda og umboðsmanns kröfuhafa, fyrir sína hönd og fyrir hönd kröfuhafa.
- 17.2 Samningurinn er gerður í tveimur frumritum og heldur útgefandi einu eintaki en umboðsmaður kröfuhafa hinu. Samningurinn skal birtur á heimasíðu útgefanda til upplýsingar fyrir kröfuhafa.
- 17.3 Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

[undirritunarsíða fylgir]

- undirskriftarsíða umboðssamnings –

Reykjavík 19. janúar 2023

F.h. Haga hf.

F.h. KPMG ehf., sem umboðsmanns kröfuhafa

Sá sem undirritar samning þennan fyrir hönd útgefanda ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir félagsins til að skuldbinda útgefanda.

Sá sem undirritar samning þennan fyrir hönd umboðsmanns kröfuhafa ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir félagsins til að skuldbinda umboðsmann kröfuhafa.

VIÐAUKI I.
Form að aðildaryfirlýsingu nýs
umboðsmanns kröfuhafa

[Kröfuhafar]

Hagar hf.
Hotavegi 1, 104 Reykjavík
b.t. Finnur Oddsson

[staður og dagsetning]

Aðildaryfirlýsing umboðsmanns kröfuhafa

Vísað er til umboðssamnings, dags. 19. janúar 2023. Hugtök sem skilgreind eru í umboðssamningi skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Til samræmis við ákvæði umboðssamnings hefur undirritaður verið skipaður umboðsmaður kröfuhafa og tekur sem slíkur við því hlutverki, ásamt öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja, og staðfestir það með undirritun sinni á yfirlýsingu þessa.

Allar tilkynningar og önnur samskipti sem eru gefin út eða afhent skulu sendast til umboðsmanns kröfuhafa með sannanlegum hætti á eftirfarandi heimilisfang og/eða tölvupóstfang, sbr. grein 13:

[Umboðsmaður kröfuhafa, [Heimilisfang] [Tölvupóstfang]

[staður og dagsetning]

Fyrir hönd umboðsmanns kröfuhafa.

[Framangreint staðfest sem fyrri umboðsmaður kröfuhafa]

Vottar að rétttri dagsetningu, fjárræði og undirskrift aðila: